		ORKUSTOFNUN Skjalasafn	
Dags. mótt.	03.04.2018	Ábm.	SPU
Málsnúmer	05 2018 03 0046	Aðrir	BGR
Skjalalykill	50.4.5	---	Rj
Verknúmer	3340300	Trún.	
Fskj./aths.	1	Afrit til	



Orkustofnun

B.t. Bryndísar G. Róbertsdóttur og Sigurðar E. Hjaltasonar

Grensásvegi 9

108 Reykjavík

Reykjavík, 27. mars 2018

Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi á malarefni á hafsbotni í Kollafirði.

Vísað er til funda með Orkustofnun dagsetta 26. september 2017, auk þess 21. og 23. febrúar 2018 þar sem rædd voru framtíðaráform Björgunar í tengslum við framhald leyfa til efnistöku af hafsbotni í Kollafirði, Hvalfirði og Faxaflóa. Á fundunum var m.a. rætt um nauðsyn þess að rannsaka betur malarefni og afmörkun námusvæða í Kollafirði. Á grundvelli þess er hér með sótt um rannsóknarleyfi í Kollafirði með tilvísun í 2.mgr. laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins. Sótt er um leyfi á svæði sem afmarkað var sem framkvæmdasvæði í mati á umhverfisáhrifum sem lauk með áliti Skipulagsstofnunar í nóvember 2008. Svæðið afmarkast af línu sem dregin er frá vesturenda Akureyjar að Kjalarnesi og sjá má á meðfylgjandi korti.

Björgun ehf. hefur leyfi til efnistöku af hafsbotni í samræmi við lög nr. 73/1990 m.s.br. á eftirfarandi stöðum í Kollafirði:

- 1) Leyfi til efnistöku af hafsbotni í Kollafirði á Viðeyjarflaki, við Lundey, Þerney, Álfsnes og Saltvík. Útgefið 29. júní 2009 og gildir til 1. júlí 2019.
- 2) Leyfi til efnistöku af hafsbotni í Kollafirði við Kjalarnes, Leiruvog, Engey og Viðey. Útgefið 3.nóvember 2009 og gildir til 3.nóvember 2019.

Neðangreint yfirlit greinir frá upplýsingum sem fram þurfa að koma í umsókn um rannsóknar- og nýtingarleyfi skv. leiðbeiningum á heimasíðu Orkustofnunar:

1) Tegund leyfis

Sótt er um rannsóknarleyfi til leitar á malarefni í Kollafirði.

2) Gerð auðlindar sem leita skal að eða sem á að vinna

Um er að ræða leit að malarefni sem hægt er að nýta í mannvirkjagerð á landi og landfyllingar í sjó.

3) Tilgangur framkvæmdar og rannsóknarmarkmið

Tilgangur Björgunar ehf. með leit malarefnis er fyrst og fremst að kortleggja möguleg námusvæði malarefnis í Kollafirði á nákvæmari hátt en nú liggur fyrir. Byggt á þeirri kortlagningu verður unnt að sækja um endurnýjun á núverandi nýtingarleyfum Björgunar í Kollafirði og undirbúa mögulega umsókn um nýtingu á nýjum námusvæðum.

Kortlagning er unnin með fjölgeislamælingum og setþykktarmælingum (seismic). Siglt er yfir svæðin í reglulegum siglingalínum með ákveðnu millibili. Þannig nást góðar mælingar fyrir svæðið í heild sinni sem gefa vísbendingar hvar efni er að finna. Mælingarnar eru framkvæmdar um borð í bát sem sendir geisla niður til botns og dýpt botns og setgerð er numin með endurvarpi geisla. Ekki er þörf á að hreyfa við botni

við þessar mælingar og eru því umhverfisáhrif ekki fyrir hendi.. Gert er ráð fyrir að Köfunarþjónustan ehf. og Kjartan Thors ehf. sjá um mælingarnar. Fyrir hönd Björgunar mun Dr. Borge Wigum hafa yfirumsjón með verkefninu.

4) Staðarmörk leitarsvæðis og/eða hnitamörk vinnslusvæðis

Björgun ehf. óskar hér með eftir því að fá leyfi til leitar malarefnis á hafsbotni í Kollafirði á svæði innan línu sem dregin er frá vesturenda Akureyjar að Kjalarnesi, utan 115 m frá stórstraumsfjöruborði frá landi. Þetta er sama afmörkun og notuð var í mati á umhverfisáhrifum efnistöku af hafsbotni í Kollafirði sem unnið var að árið 2008 og sýnd er á meðfylgjandi korti og með hnitum.

X:358938, Y:417791

X:355674, Y:411277

Tekið skal fram að Björgun hyggst miða leit og mælingar við valin svæði innan þess en ekki svæðið í heild sinni.

5) Hvenær starfsemi skal hefjast og hvenær henni skuli lokið

Óskað er eftir að leit efnis á hafsbotni í Kollafirði með ofangreindum mælingum geti hafist um leið og leyfið liggur fyrir. Mælingar eru háðar veðri og er því að öllum líkindum ekki um samfellt mælingartímabil að ræða. Gert er ráð fyrir að leit standi yfir á vormánuðum 2018 og að niðurstöður liggi fyrir síðsumars eða í haust á þessu ári. Óskað er eftir að leyfið gildi út árið 2018.

6) Fyrirhuguð not

Rannsóknarniðurstöður verða nýttar til að að kortleggja möguleg námusvæði malarefnis í Kollafirði á nákvæmari hátt en nú liggur fyrir. Byggt á þeirri kortlagningu verður unnt að sækja um endurnýjun á núverandi nýtingarleyfi Björgunar í Kollafirði og metið hvort sótt verði um aðgang að nýjum námusvæðum.

7) Áætlað efnismagn

Ekki er þörf á að hreyfa við botni við þessar mælingar og því ekkert efni numið.


8) Öryggis- og umhverfisráðstafanir, eins og við á

Í starfsemi Björgunar er leitast við að fylgja öllum gildandi reglum um ráðstafanir vegna öryggis og umhverfis.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Björgunar






Lárus Dagur Pálsson



X: 366998
Y: 497791

X: 366974
Y: 499277

<p>Björgun </p> <p>Rannsóknarleyfi</p>	<p>Heimildir: World Imagery, ESRI Hindakort: ISN03 Verksnúmer: 7.820.2.17 Hofundur: stt Stöðset vísitala: 26.3.2018 Stöðset útgáfudagur: 26.3.2018 Skrá: rannsóknarleyfi.mxd</p>	<p>Umsókn um rannsóknarleyfi </p> <p>Núverandi námuleyfi </p>
